

Mál nr. 294/2016**M og
váttryggingafélagið V v/ ábyrgðartryggingar X.****Skaðabótaábyrgð vegna vinnuslyss í febrúar 2015.****Gögn.**

Málskot, móttakið 13.9.2016, ásamt fylgigögnum.

Bréf V, dags. 5.10.2016, ásamt tölvupóstsamskiptum milli lögmanns M og starfsmanna X og mætingaryfirliti.

Tölvupóstur V dags. 10.10.2016.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M hafi slasast þegar hann var við vinnu sína hjá X að taka steina af bretti. Til þess notaði hann sérstaka klemmu sem hann kveður hafa bognað og steinarnir losnað úr klemmunni þannig að hann hafi fengið slink á hægri öxl og mikinn verk. Í málinu liggur einnig fyrir lýsing starfsmanna X, sem M sé ekki sammála, um að skrúfa með ró sem stilli lengd klemmu hafi hrokkið úr og þannig hafi steinar losnað úr henni.

M telur að þær klemmur sem hann hafði aðgang að til að vinna það verk sem hann átti að vinna hafi verið vanbúnar, nánar tiltekið hafi verið til bæði gular og grár klemmur á vinnustaðnum og hafi M verið að vinna með grúa á slysdegi. M telur að legið hafi fyrir að gráu klemmurnar ættu það til að bogna og vísar til vitnisburða þáverandi samstarfsmanna sinna um það. Í ljósi þess að atvikið varð í lok vinnudags kveðst M ekki hafa tilkynnt verkstjóra sínum um það sem gerðist fyrir en daginn eftir. Engu að síður hefðu ekki verið gerðar ráðstafanir til að kanna ástand eða hættueiginleika umræddra klemma. M telur að tilkynna hefði átt um atvikið til Vinnueftirlits ríkisins skv. skyldu í 79. gr. laga nr. 46/1980 og þar sem X hefði ekki gert það verði að leggja framburð M um aðstæður á vinnustaðnum til grundvallar við mat á skaðabótaábyrgð.

V telur í fyrsta lagi að það sé óljóst hvenær á atburður varð sem M kveðst hafa orðið fyrir líkamstjóni vegna. Þannig hafi tilkynningaskylda til Vinnueftirlits ríkisins ekki stofnast þar sem skilyrði 79. gr. laga nr. 46/1980 séu ekki uppfyllt, þ.e. M hafi t.d. ekki orðið óvinnufær strax. Í öðru lagi telur V að það sé ósannað að þær klemmur sem M var að vinna með hafi verið ófullnægjandi og þær yfirlýsingar sem liggja fyrir um slíkt séu þannig til komnar að ekki sé hægt að byggja á þeim. Aðili á vegum M hafi samið þær og fengið tvo erlenda fyrrverandi starfsmenn X til að skrifa undir, löngu eftir atburðinn. Það feli ekki í sér sönnun um að klemmur þær sem stóðu M til boða hafi verið ófullnægjandi.

Álit.

M ber sönnunarbyrði um hvort atvik og aðstæður hafi verið þannig á vinnustað hans hjá X að skaðabótaskylda hafi stofnast af hálfu X. Ekki verður fallist á að skylda til þess að tilkynna vinnuslys hafi stofnast hjá X þar sem óljóst er hvenær atvikið átti sér stað og að M hafi gert verkstjóra sínum það ljóst, auk þess sem M hefur ekki sýnt fram á að hann hafi orðið óvinnufær. Verður því ekki eingöngu byggt á framburði hans varðandi aðstæður á vinnustaðnum. Þá stendur eftir að meta hvort sýnt hafi verið fram á að þau verkfæri sem stóðu M til boða að nota við vinnu sína hafi verið fullnægjandi m.t.t. laga og reglna um vinnuvernd. Þrátt fyrir undirritun tveggja fyrrum samstarfsmanna M á skjal, sem lýsir aðstæðum sem benda til þess að klemmur þær sem notaðar voru, hafi getað verið betri, verður það skjal eitt og sér ekki talið nægja sem sönnunargögn um að umræddar klemmur hafi verið ófullnægjandi við það verk sem M var að vinna. Það kemur fram nokkru eftir ætlað atvik en ekki strax og verður M að bera hallann af þeim sönnunarskorti eins og aðstæður eru í þessu máli. Þegar litið er til gagna málsins í heild verður ekki séð að komið hafi fram nægilega skýr sönnunargögn um atvik eða aðstæður sem X ber skaðabótaábyrgð á og á M því ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 25. október 2016.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.